

Ed.

466. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipulag á sölu sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað tillöguna, en ekki getað orðið sam-
mála um hana.

Minni hlutinn (I. P.) vill halda tillögunni fram eins og hún er.

Meiri hlutinn (B. K. og J. Jós.) vill vísa málinu til stjórnarinnar með
svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin taki til rækilegrar athugunar tillögur þær
til umbóta á fiskmati, frágangi fisksendinga, fisksölu og fiskútflutningsfyrir-
komulagi, sem Spánarerindreki landsins hefir gert í skýrslu sinni til stjórnar-
ráðsins, dags. 20. mars síðastliðinn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1924.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Jóhann P. Jósefsson,
skrifari og frsm.

Ingvar Pálmason,
ósamþykkur hinni rökstuddu dagskrá.